




Reykjavík, 4. september 2025
USK25060054 / SM

Sigtún 28 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júní 2025 var lögð fram fyrirspurn Björns Skaptasonar, dags. 4. júní 2025, um breytingu á deiliskipulagi Sigtúnsreits vegna lóðarinnar nr. 28 við Sigtún, sem felst í að reisa eina hæð ofan á fjögurra hæða austurhluta byggingarinnar, breyta lögun 14. hæðar með því að stækka hana og byggja yfir hluta þaks 13. hæðar ásamt því að breyta um utanhússklæðningar á veggjum turnsins og að byggja yfir svalir á 13. hæð hússins með hallandi glerútbyggingu, samkvæmt tillögu Atelier, ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag í gildi


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 4, Laugardal, og er hluti af miðsvæði, M2.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Sigtúnsreit, samþykkt í borgarráði 15.5.1985, ásamt síðari breytingum.


Umsögn

Fyrirliggjandi fyrirspurnartillaga sýnir hóflega aukningu á byggingarmagni sem ekki hefur aukið skuggavarp í för með sér á íbúðabygð í nágrenni hótelsins.





14. hæð: breytt lögun stækkun um 140.1 m²
Heimilt verði að byggja yfir svalir á 13 hæð



Sneiðingar fyrirspurnartillögu

fyrir breytingu



fyrir breytingu



eftir breytingu



eftir breytingu



Rúmmyndir fyrirspurnartillögu

Niðurstaða

Jákvætt er tekið í erindi. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík